

Reiðleið með vegi í Þykkvabæ - frá Þykkvabæjarvegi að Borg/Bala/Eyrartúni

Til : Haraldur Birgir Haraldsson
Frá : office@hotelranga.is
Heiti : Reiðleið með vegi í Þykkvabæ - frá Þykkvabæjarvegi að Borg/Bala/Eyrartúni
Málsnúmer : 1604055
Málsaðili : Kristín Bjarnadóttir
Skráð dags : 26.04.2016 15:30:51
Höfundur : office@hotelranga.is

Viðhengi [Reiðleið með vegi innan Þykkvabæjar.pdf](#)[Reiðleið með vegi innan](#)

[Þykkvabæjar.pdf](#)

[UMSÓKN UM STYRK ÚR REIÐVEGASJÓÐI.pdf](#)[UMSÓKN UM STYRK ÚR](#)

[REIÐVEGASJÓÐI.pdf](#)

[hpsc1527.pdf](#)[hpsc1527.pdf](#)

Sæll Birgir

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna reiðleiðar með vegi í Þykkvabæ sbr. meðfylgjandi umsókn um fjármagn úr reiðvegaskjóði Landssambands hestamannafélaga. Fjármagn hefur fengist úr reiðvegaskjóði til framkvæmdarinnar að upphæð kr. 1.500.000

Við erum nokkrir hestamenn sem langar til að koma okkur út af veginum hér niðurfrá í Þykkvabænum og koma upp reiðleið / slóða meðfram veginum þar sem við erum ekki fyrir akandi umferð og hættan af því að vera á mismikið tömdum hrossum á ferð hér minnki. Margir ökumenn virðast ekki sjá ástæðu til að hægja á sér þegar þeir mæta eða fara fram úr ríðandi fólki, ekki frekar en þeir hinir sömu sjá ástæðu til að hægja á sér sé fólk á ferð gangandi, hjólandi eða dýr við veginn. Vegurinn austur á bæji í Þykkvabæ er nú beinn og hindrunarlaus og mönnum hættir mjög til að keyra þar verulega hratt.

Nú er starfrækt ein tamningastöð í Þykkvabænum (Búð I) og fyrirsjáanlegt að önnur verði sett á laggirnar nú í sumar (Húnakot). Eins erum við oft með misvana og jafnvel mjög unga knapa með okkur í reiðtúr, þá er ekki gott að þurfa að mæta bíl eða láta taka framúr sér á 70 km hraða (sem er jú leyfilegi hámarkshraðinn og sumir sem halda sig við það því ríðandi umferð geti bara verið annarsstaðar að þeirra mati). Yfir vetrarmánuðina er ríðandi umferð eftir myrkur nær engöngu um veginn þar sem lýsing er. Reiðslóði myndi líka geta nýst sem göngustígur / hjólastígur fyrir krakka sem þurfa að komast milli bæja, það væri sko alveg þess virði að kenna hrossunum okkar að umgangast reiðhjól og börnunum að mæta hrossum á hjólunum sínum til að hægt sé að samnýta það.

Eins og er er skurðurinn meðfram veginum (norðan vegar) skelfilega nærri vegi og þegar er hálka þá er maður hreinlega með lífið í lúkunum að keyra um hér (sérstaklega m.t.t. að yfirleitt er vegurinn illa ruddur og miklir hálkubunkar á honum). Ég er búin að vera í sambandi við Pál Halldórsson hjá Vegagerðinni og er hann búinn að samþykkja að Vegagerðin muni bera allan kostnað af að flytja skurðinn fjær veginum, þó skilyrt þannig að landeigendur samþykki að skurðurinn verði fluttur og er það mál í vinnslu. Eins og staðan er þá er eftir að fá samþykki hjá eiganda Tjarnar, hjá Unu sem á hluta af Norður-Nýjabæjarlandinu, eigenda Háarima og Tobbakots til að hægt sé að hafa reiðleiðina norðan vegar alla leið frá Þykkvabæjarveginum að Borg/Eyrartúni/Bala. Ég á ekki vona á að flutningur á skurðinum verði samþykktur í Háarima, en hægt er að fara framhjá því með því að þvera veginn við Rimakot og hafa slóðann sunnan vegar frá Rimakoti og austur í Vatnskot og fara svo aftur norður fyrir veginn á móts við Unhól, en þar hefur skurðurinn nú þegar verið fluttur frá veginum.

Meiningin er að nýta þennan renning sem myndast með veginum til að útbúa reiðleið/slóða í núverandi skurðstæði (eða þar um bil) og koma okkur af malbikinu og vegkantinum og frá umferðinni.

Fengist hefur allmyndarlegur styrkur úr reiðvegaskjóði til framkvæmdarinnar þ.a hægt verði að setja ofaníbúð í

skurðruðninginn og slóðin verði nýtileg sem fyrst eftir að uppgreftri lýkur. Með framkvæmdinni erum við að vonast til að minnka slyshættu og auka fjölbreytileika í reiðleiðum fyrir okkur hér á svæðinu. Slóðann yrði væntanlega að merkja sem opinbera leið til að styrkurinn úr reiðvegasjóði verði nýtanlegur að fullu. Eftir sem áður verður umferð ferðamanna beint fram á Gljá eins og unnt er líkt og verið hefur fram að þessu.

Skv. uppdráttum aðalskipulags sem aðgengilegir eru á netinu get ég ekki áttað mig á hvernig reiðleiðir eru hugsaðar innan Þykkvabæjar, en það virðast engu að síður vera merktar reiðleiðir að þorpinu á þrjá vegu - á slóða niður með Hólsá að austan, niður með Þykkvabæjarvegi og svo meðfram Ásvegi að vestanverðu (hjá Borgartúni). Reynt hefur verið að beina umferð ferðahópa fram fyrir Gljáargirðingu í staðinn fyrir gegnum þorpið og nú hefur fengist styrkur úr reiðvegasjóði til að setja upp skilti austan Háfsóss til að beina umferð sem kemur vestanað fram á Gljáanna (2 skilti, eitt við veginn og annað til að tryggja að menn fari ekki alveg fram að sjó, heldur lendi á slóðanum sem liggur með Gljáarvirkum - þessi styrkur er til viðbótar því sem fengist hefur fyrir ofanþorpið meðfram veginum innanbæjar). Í hvassviðrum er sú leið erfið vegna sandfoks og því eðlilegt að til sé önnur nothæf leið gegnum þorpið undir þeim kringumstæðum. Þó er sjálfsagt að beina þeim tilmælum til ferðamanna að teyma hesta gegnum þorpið í stað þess að reka þ.a laus hross endi ekki inni í garði hjá fólki. Til þess þyrfti reyndar að koma upp áningarhólfum beggja vegna þorps með merkingum. Í landi Hala er áningarhólf sem Jón hefur leyft ferðamönnum aðgang að hafi menn haft samband við hann fyrirfram og hugsanlega er hægt að semja við hann um að koma þar upp merkingu/skilti með tilmælum um val á leiðum og teymingar/rekstur eftir því hvaða leið er valin.

(Þetta eru uppdrættirnir sem ég fann í fljótu bragði: aðalskipulag uppdráttur Þykkvibær :

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425307316825000>

og aðalskipulag uppdráttur byggðin öll :

http://ry.is/files/RangYtra/Skipulags_og_byggingarmal/Adalskipulag/2010_2022_des_2010/RY_Byggdin.pdf

Ég geri ráð fyrir að svo sem enginn geti bannað manni að ríða utan við veginn, en aftur á móti ef meiningin er að slétta úr yfirborði og setja einhvern ofanþorpið í leðjuna sem kemur upp úr skurðinum til að þétta yfirborðið, eða jafnvel pinnatæta milli girðingar/skurðs og vegarins til að slétta úr yfirborðinu þá flokkist það undir framkvæmdir sem séu að einhverju leiti leyfisskyldar eða þurfi einhvers lags samþykki frá yfirvöldum. Því er hér með farið fram á að við fáum annars vegar nánari upplýsingar um staðsetningu reiðvegar innan þorpsins skv. skipulagi og hins vegar að veitt verði leyfi til að hefja framkvæmdir við slóðann.

Meðfylgjandi er afrit af umsókninni sem lögð var fyrir hjá reiðveganefnd hestamannafélagsins Geysis og framkvæmdaáætlun verksins.

kveðja

Kristín Bjarnadóttir

Stóra-Rimakoti